

Ár 2008, þriðjudaginn 1. júlí, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Sigurður I. Halldórssyni, Gunnar Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 6/2008

KFG
gegn
Hömrúnum/Vinum

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

Ú R S K U R Ð U R

I.

Kærandi:

KFG, kt. 710308-1870
Bæjargili 98
210 Garðabæ
Fyrirvarsmaður: Lárus Guðmundsson

Kærði:

Hamrarnir/Vinir, kt. 630106-1920
Hrísalundi 4b
603 Akureyri
Fyrirvarsmaður: Halldór Oddsson

Kröfur:

Kærandi krefst þess að KFG verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna í Íslandsmóti karla 3. deild sem fram fór þann 30. maí s.l. Til vara er þess krafist að leikurinn verði endurtekinn.

Kærði krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá en til vara er krafist sýknu og að úrslit leiksins standi. Jafnframt krefst kærði þess að fá greiddan útlagðan kostnað vegna málsins.

II.

Frávísun.

Aðalkrafa kærða í máli þessu er sú að málinu verði vísað frá þar sem það sé algjörlega vanreifað og kæran sé óskilanleg og svo óskýr að erfitt sé fyrir kærða að átta sig á því hver hin meinta brotlega háttsemi sé og því erfitt að halda uppi vörnum. Vitnar kærði í því sambandi í ákvæði 7.2.6 og 7.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Taka má undir það með kærða að kæran er nokkuð illa fram sett og mætti vera skýrari en það er mat nefndarinnar að vankantarnir séu ekki það miklir að það varði frávísun. Er því aðalkröfu kærða um frávísun málsins því hafnað.

III.

Málsatvik og árgreiningsefni:

Málavextir eru skv. kæranda þeir að í leik liðanna sem fram fór á Stjörnuvelli þann 30. maí s.l. í 3. deild B riðli Íslandsmótsins er skráður á leikskýrslu í byrjunarliði kærða leikmaður nr. 7 Pétur Kristjánsson en sá leikmaður lék ekki leikinn heldur stjórnaði liði Hamranna/Vina af varamannabekk. Þar sem umræddur leikmaður lék ekki leikinn sé algerlega á huldu hver lék sem 11. maður í liði Hamranna/Vina. Slíkt sé algerlega óásættanlegt.

Kærði staðfestir að leikmaður nr. 7 Pétur Kristjánsson hafi verið ónotaður varamaður í umræddum leik þó svo að hann hafi verið fyrir mistök skráður sem byrjunarliðsmaður. Heimir Björnsson leikmaður Hamranna/Vina sem var nr. 15 í umræddum leik var hins vegar skráður varamaður en hafi byrjað leikinn.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu liggur fyrir að leikmaður nr. 7 Pétur Kristjánsson lék ekki umdræddan leik þrátt fyrir að vera skráður sem byrjunarliðsmaður. Jafnframt liggur fyrir að leikmaður nr. 15 Heimir Björnsson hóf leikinn þrátt fyrir að vera á leikskýrslu skráður sem varamaður. Leikskýrslan var því augljóslega ekki rétt fyllt út í samræmi við gr. 9.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Jafnframt liggur fyrir að leikmaður nr. 15 Heimir Björnsson sem lék leikinn var hlutgengur til leiks með kærða í umræddum leik og var ekki í leikbanni.

Þátttaka hans í leiknum og mistök við útfyllingu leikskýrslunnar leiddi ekki til þess að lið Hamranna/Vina hafi verið ólöglega skipað í leiknum. Með vísan til þessa eru ekki forsendur til þess að fallast á kröfu kæranda um að dæma leikinn tapaðan fyrir Hamrana/vini eða láta endurtaka leikinn.

Ekki er fallist á kröfu kærða um að fá greiddan útlagðan kostnað vegna málsins.

V.

Úrskurðarorð

Hamrarnir/Vinir eru sýknaðir af kröfum KFG.

Helgi R. Magnússon

Gunnar Guðmundsson

Sigurður I. Halldórsson

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um aga - og úrskurðarmál er festur til að áfrýja máli til Áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.